

96. gr.

180

Með samþykkt þessari er úr gildi felld lögreglusamþykkt fyrir Patrekshrepp frá 4. febr. 1929. 4. nóv.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. nóvember 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð síra Jens Pálssonar prófasts“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. nóv. 1941. 181 6. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð síra Jens Pálssonar prófasts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður síra Jens Pálssonar prófasts og er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Guðrúnar Pétursdóttur, prófastsekkju frá Görðum, dags. 1. ágúst 1914.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Skal það ávaxtað í Söfnunar-sjóði Íslands. — Skulu vextirnir leggjast við höfuðstólinn, þar til ársvextirnir hafa náð upphæð, sem jafngildir 1000 — eitt þúsund — krónum, miðað við verðgildi krónunnar 1. ágúst 1914, að dómi Hagstofunnar.

3. gr.

Þegar vextirnir hafa náð framangreindri upphæð, má verja $\frac{2}{3}$ — tveim þriðju hlutum árlegra vaxta til þess að styrkja efnileg tónlistamannaefni til framhaldsnáms erlendis. — Skal styrkurinn aðeins veittur einum umsækjanda í hvert skipti og engum oftari en fjórum sinnum.

Telji Hagstofan ekki fært að miða við það mark, sem um getur í 2. gr., má hefja styrkveitingar, þegar ætla má að styrkupphæðin nægi til að greiða að $\frac{3}{5}$ hlutum námskostnaðs í eitt ár á einhverjum þeim stað, þar sem námsskilyrði þykja góð. — Til þessa þarf þó samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Þegar til kemur, skal styrkurinn að jafnaði veittur í ágústmánuði ár hvert. — Hafi engar umsóknir borizt, eða þyki enginn umsækjandi þeim kostum búinn, að verulegur ávinningur sé að því fyrir tónlistarlíf landsmanna, að hann njóti framhaldsmenntunar erlendis, skulu vextirnir það ár leggjast við höfuðstólinn.

181

5. gr.

6. nóv.

Verði sjóðurinn svo stór, að ársvextirnir nemi meiru en 4500 — fjögur þúsund og fimm hundruð — krónum, miðað við verðgildi 1. ágúst 1914, má með breytingu á skipulagsskrá þessari ákveða, að tveim þriðju hlutum þeirra vaxta, sem eru fram yfir þá upphæð, megi verja á annan hátt til eflingar tónlist landsmanna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, forstöðumaður tónlistaskóla tónlistafélagsins, eða þeirrar stofnunar, sem við kynni að taka af þeim skóla, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins og sá karlmaður, sem elztur er afkomenda Péturs Guðjohnsen dómkirkjuorganista, búsettra í Reykjavík.

Verði tónlistaskólinn lagður niður án þess að önnur hliðstæð stofnun komi í hennar stað, eða verði ekki til að dreyfa neinum afkomenda Péturs Guðjohnsen, er sæti geti átt í stjórninni samkvæmt 1. mgr., skal ráðuneytið tilnefna mann eða menn í stjórnina eftir því sem til vantar.

7. gr.

Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins. — Stjórn sjóðsins ber enn fremur að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir, og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

182

6. nóv.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Páls Bjarnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. nóv. 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Páls Bjarnasonar, skólastjóra í Vestmannaeyjum,
er andaðist 5. des. 1938.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Bjarnasonar, stofnaður af félögum og einstaklingum í Vestmannaeyjum, til minningar um farsælt starf hans þar í þágu skóla og menningarmála.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 1056.21.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Háskóla Íslands.